

Dags: 15. 6. 2021

**Erindi:**

Breytingar á bautasteini á lóð Hofs

Menningarfélag Akureyrar fer þess á leit við Akureyrarstofu að Umhverfis og mannvirkjasvið lagfæri bautastein sem staðsettur er norðanvið Hof. Upplýsingarnar á bautasteininum eru ekki lengur í samræmi við starfsemina í Hofi og gefur hann því villandi upplýsingar til ferðamanna og annarra gesta.

Menningarfélag Akureyrar óskar eftir því að fá að setja upplýsinga skjá í bautasteininn í stað textans sem þar er í dag. Einnig óskar Menningarfélagið eftir því að settir verði upp LED skjáir á Hof að norðanverðu og sunnanverðu þar sem í dag eru staðsett auglýsingasegl. Ekki er um mikla útlitsbreytingu að ræða þar sem seglin eru nú þegar á Hofi en LED skjáirnir kæmu í þeirra stað. Skjáirnir auðvelda alla kynningu á verkefnum og starfsemi Menningarfélagsins og eru sambærilegir skjáir staðsettir á helstu menningarhúsum landsins, eins og t.d. Þjóðleikhúsinu.

Óskað er eftir því að Umhverfis og mannvirkjasvið standi straum af kostnaði við uppsetningu skjánna en Menningarfélag Akureyrar mun standa straum af kaupum og rekstri þeirra.

Með vinsemd og virðingu

---

Eva Hrund Einarsdóttir

Stjórnarformaður Menningarfélags Akureyrar

---

Þuríður Helga Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjóri

